



## BORGARBYGGÐ


### Aðalskipulag Borgarbyggðar 2010-2022

Svæði fyrir þjónustustofnanir Þ4 – Leikskólinn við Ugluklett

#### Greinargerð

Sveitarstjórn Borgarbyggðar gerir hér með breytingu á Aðalskipulagi Borgarbyggðar 2010-2022. Breytingin varðar þéttbýlið í Borgarnesi og nær til svæðis fyrir þjónustustofnanir Þ4 og snýr að hækkingu á nýtingarhlutfalli innan reitsins þar sem áformað er að stækka leikskólann Ugluklett. Nýtingarhlutfall er hækkað úr 0,1 í 0,17 eða um 0,07. Ekki er gerð breyting á uppdrætti aðalskipulagsins.

Með stækkingu leikskólans er verið að koma til móts við eftirspurn eftir leikskólaplássum. Leikskólinn er staðsettur þar sem megin uppbygging á íbúðarhúsnæði hefur verið og áætluð er enn frekari uppbygging íbúðarhúsnæðis á nálægum svæðum.



Staðsetning breytingar á þéttbýlisuppdrætti Borgarnes í gildandi aðalskipulagi, Aðalskipulag Borgarbyggðar 2010-2022.

Breyting á töflu í greinargerð í Aðalskipulagi Borgarbyggðar 2010-2022.

Tafla fyrir breytingu, kafli 4.21 Borgarnes - skipulagsáætlun SKILGREIND SVÆÐI, bls. 74-76.

Landnýting	Staðsetning og lýsing	Stærð (ha)	Nýtingarhlutfall	Tilvísun í þéttbýlisuppdrátt
Svæði fyrir þjónustustofnanir	Gunnlaugsgata, skólalóð	1,5	0,22	Þ3
Svæði fyrir þjónustustofnanir	Leikskóli	10,8	0,1	Þ4
Verzlun og þjónusta	Veitingarekstur	0,4	0,35	S1

Tafla eftir breytingu, kafli 4.21 Borgarnes - skipulagsáætlun SKILGREIND SVÆÐI, bls. 74-76.

Landnýting	Staðsetning og lýsing	Stærð (ha)	Nýtingarhlutfall	Tilvísun í þéttbýlisuppdrátt
Svæði fyrir þjónustustofnanir	Gunnlaugsgata, skólalóð	1,5	0,22	Þ3
Svæði fyrir þjónustustofnanir	Leikskóli	10,8	0,17	Þ4
Verzlun og þjónusta	Veitingarekstur	0,4	0,35	S1

#### Umhverfisáhrif breytingarinnar

- Breytingin hefur jákvæð áhrif á samfélag þar sem aukning verður á framboði á leikskólaplássum í þéttbýlinu.
- Breytingin hefur engin áhrif eða óveruleg áhrif á aðra umhverfisþætti.

Aðalskipulagsbreyting þessi sem auglýst hefur verið skv. 2. mgr. 36. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 var samþykkt í sveitarstjórn þann \_\_\_\_\_ 2023.

Aðalskipulagsbreyting þessi var staðfest af Skipulagsstofnun þann \_\_\_\_\_ 2023.

Auglýsing um gildistöku aðalskipulagsbreytingarinnar var birt í B-deild Stjórnartíðinda þann \_\_\_\_\_ 2023.

Skipulags- og byggingardeild Borgarbyggðar

Breyting á greinargerð Aðalskipulags Borgarbyggðar 2010-2022

Dags: 15.08.2023

Skipulagsfulltrúi Borgarbyggðar, Drífa Gústafsdóttir.

